

Afstaða til málskostnaðar í þessum hluta málsins verður tekin við væntanlegan efnisúrskurð.

Því úrskurðast:

Framkomin frávisunarkrafa varnaraðilja er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 24. september 1969.

Nr. 161/1969. **Guðbrandur Jörundsson og
Ingólfur Jörundsson**
gegn
Sveinbjörgu Kristjánsdóttur
Boga Sigurðssyni
Jökli Sigurðssyni
Sigríði Sigurðardóttur
Fríði Sigurðardóttur og
Yngva Ólafssyni sýslumanni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Yngvi Ólafsson, sýslumaður í Dalasýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. júlí 1969, sem hingað barst 10. þ. m. Gera þeir þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að hinn reglulegi skiptaráðandi í Dalasýslu viki sæti í máli þessu og að synjað verði kröfu um opinber skipti á dánar- og félagsbúi hjónanna Jörundar Guðbrandssonar og Sigríðar Sigurðardóttur.

Varnaraðiljarnir Sveinbjörg Kristjánsdóttir, Bogi Sigurðsson, Jökull Sigurðsson, Sigríður Sigurðardóttir og Fríður Sigurðardóttir hafa krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði

staðfestur og sóknaraðiljum dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Ekki eru fram komin í málinu efnisrök, er leiði til þess, að skiptaráðanda beri að víkja sæti í máli þessu, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Sóknaraðiljar greiði varnaraðiljum kr. 2.500.00 í kærumálaskostnað.

Það athugast, að skiptaráðanda var rétt að kveða upp sérstakan úrskurð um þá kröfu sóknaraðilja, að hann viki sæti í máli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Guðbrandur Jörundsson og Ingólfur Jörundsson, greiði varnaraðiljum Sveinbjörgu Kristjánsdóttur, Boga Sigurðssyni, Jökli Sigurðssyni, Sigríði Sigurðardóttur og Friði Sigurðardóttur kr. 2.500.00 í kærumálaskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Dalasýslu 16. júlí 1969.

Með bréfi, dagsettu 22. maí 1969, til sýslumanns Dalasýslu óskaði Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður þess í umboði erfingja dánarbús Sigurðar Jörundssonar frá Vatni, þeirra Sveinbjargar Kristjánsdóttur, Boga, Jökuls, Sigríðar, Friðar og Guðrúnar Sigurðarbarna, að bú hjónanna Jörundar Guðbrandssonar sem lézt 7. desember 1948, og konu hans, Sigríðar Sigurðardóttur, sem lézt 13. júlí 1950, verði tekið til opinberra skipta.

Ástæðan til beiðni þessarar er deila með erfingjum dánarbúsins um eignarhlutföll í jörðinni Vatni í Haukadalshreppi. Erfingjar dánarbús Jörundar og Sigríðar voru synir þeirra, Ingólfur, Guðbrandur og Sigurður. Sigurður lézt 23. júní 1965, og hafa erfingjar hans tekið við aðild að búinu.

Í skiptarétti 6. júní 1969 mótmælti umboðsmaður Guðbrands og Ingólfs Jörundssona, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, því, að opinber skipti færu fram á dánarbúinu, þar sem skiptum búsins hafi lokið þegar eftir fráfall hjónanna. Hafi það verið viður-

kennt af öllum þáverandi erfingjum í orði og framkvæmd, að hver hinna þriggja bræðra, þ. e. Sigurður, Ingólfur og Guðbrandur, hafi hlotið í arf $\frac{1}{3}$ hluta allrar jarðarinnar Vatns í Haukadalshreppi. Það liggi ekki fyrir, að neinar eignir séu fyrir hendi til skipta úr nefndu dánarbúi, sem ekki hafi verið skipt upp fyrir löngu, enda hafi skiptaráðendur Dalasýslu aldrei gert reka að frekari búskiptum né skattayfirvöld gert athugasemdir og séu nú liðin a. m. k. um það bil 19 ár, síðan erfingjar fengu hver sinn hlut úr dánarbúinu. Það skipti í sjálfu sér engu máli um gildi skiptanna, hvort erfðafjárskattur hafi verið greiddur eða ekki. Hann sé eins og hver önnur fjárkrafa, sem skiptaráðandi Dalasýslu átti á sínum tíma að sjá um innheimtu á. Það sé misskilningur af hálfu umboðsmanns erfingja Sigurðar Jörundssonar, að það skipti í raun og veru máli, hvort leyfi hafi verið gefið út formlega til einkaskipta eða ekki, úr því að öll skilyrði voru til einkaskipta, þ. e. að erfingjar voru allir lögráða, og að skuldheimtumönnum var engin hættu sköpuð.

Erfingjar hafa ekki getað komið sér saman um eignaskiptingu jarðarinnar Vatns í Haukadalshreppi, en samkvæmt afsals- og veðmálabókum Dalasýslu er hálf jörðin eign Jörundar Guðbrands-sonar, en hinn helmingurinn eign Sigurðar Jörundssonar. Það er viðurkennt af öllum aðiljum, að ekki hefur verið gengið formlega frá skiptum dánarbúsins í skilningi skiptalaga nr. 3/1878, og erfðafjárskattur hefur ekki verið greiddur. Engin gögn um þetta hafa fundizt hjá skiptaráðendum Dalasýslu og í Reykjavík. Samkvæmt 4. gr. skiptalaga hefur erfingi rétt til að krefjast opinberra skipta, þótt aðrir erfingjar séu á það sáttir að skipta sjálfir. Verður því að taka til greina kröfu um opinber skipti á dánarbúi því, sem hér um ræðir.

Umboðsmaður Ingólfs og Guðbrands Jörundssona, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, hefur krafizt þess, að úrskurður verði ekki kveðinn upp, fyrr en fyrrverandi og núverandi sýslumaður Dalasýslu hafi borið vitni í málinu. Verður ekki séð, að framburður þeirra um það atriði, sem hér er til úrlausnar, hafi þýðingu um niðurstöðu.

Þá hefur sami aðili krafizt þess, að hinn reglulegi skiptaráðandi víki sæti, þar sem hann gæti orðið mikilvægt vitni í málinu. Með tilliti til þess, sem að framan segir, og þess, að skiptaráðandi er á engan þann hátt við málið riðinn, að vanhæfi valdi, verður sú krafa eigi tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Opinber skipti skulu fara fram á dánar- og félagsbúi hjónanna Jörundar Guðbrandssonar og Sigríðar Sigurðardóttur. Hinn reglulegi skiptaráðandi vikur ekki sæti í málinu.

Föstudaginn 26. september 1969.

Nr. 16/1968. Guðbrandur Valtýsson (Gísli G. Ísleifsson hrl.)
 gegn
Ingólfi Ólafssyni (Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. janúar 1968. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega frávisunar málsins frá Hæstarétti, en til vara sýknu af öllum kröfum áfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Að kröfu stefnda var hinn 16. ágúst 1967 gert fjárnám í kjallaraíbúð í húsinu nr. 65 við Efstasund hér í borg til tryggingar dómskuld að fjárhæð kr. 14.500.00, vöxtum og kostnaði. Stefndi var dómhafi, en dómþolandi Gunnar Jónasson, Efstasundi 65. Samkvæmt afsals- og veðmálabókum Reykjavíkurborgar var íbúð þessi þá þinglesin eign stefnda, en hann hafði afsalað Gunnari Jónassyni íbúðinni hinn 16. nóvember 1966. Var því afsali þinglýst 18. desember 1967. Gunnar Jónasson afsalaði áfrýjanda íbúðinni hinn 14. marz 1967, en því afsali var þinglýst 20. desember 1967.

Krafa stefnda um frávisun málsins hefur ekki verið studd neinum haldbærum rökum.

Það er meginregla, að réttindum yfir fasteign skuli þing-